



Hraunvallaskóli
Drekavellir 9

B.t. Magnúsar Baldurssonar sviðsstjóra fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar

Hafnarfjörður, 17.12. 2012

Efni bréfs: Umsögn skólaráðs Hraunvallaskóla um betri nýtingu skólahúsnæðis í Hafnarfirði sbr. bréf sviðsstjóra fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar dagsett 11. desember 2012.

Skólaráð Hraunvallaskóla hefur tekið bréf sviðsstjóra fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar, dagsett 11. desember 2012, til umfjöllunar. Í bréfinu er farið fram á umsögn um eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember sl. og tekin var fyrir á fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar 10. desember.

"Betri nýting skólahúsnæðis þar sem ekki liggur fyrir að hægt sé að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir í bænum á næstu mánuðum vegna skuldastöðu sveitarfélagsins og ákvæða í lánasamningum við lánadrottna samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að leita leiða til að leysa húsnæðisvanda við Áslands- og Hraunvallaskóla með öðrum hætti en viðbyggingum. Ljóst er að í bænum er nægilegt húsnæði fyrir grunnskóla miðað við framkomnar tölur um nemendafjölda og spá um áætlaðan nemendafjölda fram til ársins 2017. Því er lagt til að húsnæði í öðrum skólum bæjarins eða nálægum mannvirkjum verði nýtt til kennslu tímabundið. Fræðsluráði og Fasteignafélagi Hafnarfjarðar skal falið að finna viðhlítandi lausn á húsnæðisvandinum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti með 11 samhljóða atkvæðum að vísa framlagðri tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks - Betri nýting skólahúsnæðis - til fræðsluráðs til frekari skoðunar."

Í bréfinu kom fram að framkomnar tillögur fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi betri nýtingu skólahúsnæðis miði að því að leita leiða til hagræðingar og á sama tíma auka þróun í skólakerfinu.

Umsögn Skólaráðs Hraunvallaskóla er eftirfarandi:

Skólaráð Hraunvallaskóla leggst alfarið gegn því að nýta skólahúsnæði í öðrum skólum fyrir kennslu nemenda í Hraunvallaskóla. Sú tillaga að senda nemendur Hraunvallaskóla tímabundið í aðra skóla bæjarins, setur þarfar barnanna í annað sæti og lýsir skammtíma sjónarmiðum. Það er réttur barna og foreldra að börn sæki grunnskóla í sínu hverfi. Þessi tillaga ýtir undir mismunun barna eftir búsetu.

Skólaráð Hraunvallaskóla telur mikilvægt að standa vörð um hugmyndafræði skólans og skólagerð. Hraunvallaskóli er leik- og grunnskóli og búið er að vinna mikið þróunarstarf sem snýr að samstarfi leik- og grunnskóla, samfellu í námi og opna skólanum sem mikilvægt er að hlúa að. Það að nýta nálæg mannvirki til að leysa húsnæðisvanda Hraunvallaskóla er hvorki hagstæð né heppileg leið. Bent skal á að húsnæðisvandi Hraunvallaskóla er tilkominn vegna þess að verið er að taka við nemendum úr tveimur skólahverfum. Til að standa vörð um áframhaldandi þróun skólustarfs í Hraunvallaskóla er mikilvægt að framfylgja upphaflegum hugmyndum um afmörkun skólahverfa.



Hraunvallaskóli

Skólaráð Hraunvallaskóla leggur eindregið til að farið verði í uppbyggingu nýs skóla, Hamranesskóla, annað hvort með færanlegum kennslustofum eða með byggingu varanlegs húsnæðis. Hafa ber í huga að þessi uppbygging þarf ekki að fela í sér meiri kostnað en að fara þá leið að innrétta og breyta húsnæði sem á engan hátt er byggt eða hannað sem kennsluhúsnæði.

Virðingarfyllt, skólaráð Hraunvallaskóla - grunnskóla,

Lars Instand skólachori

Ánita Ómarsdóttir - fulltrúi kennara.

Ólafur Ólafsson fulltrúi kennara

Guðrún Sturlaugsdóttir aðstoðarskólafjóri

Sammyl Veggisdóttir fulltrúi foreldra

Andbjörg Nordfjörð fulltrúi grendarsamfélagsins

Rannveig Jónsdóttir fulltrúi Starfsmanna.

Bryndís Garðardóttir fulltrúi foreldra